

## 4. gr.

Stjórn félagsins skipa 3 menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Gengi þeir úr stjórninni á víxl, þannig að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandi eftir tvö ár og hinn eftir þrjú ár og helzt svo sama röð áfram.

Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorazt undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaður og annar endurskoðandinn gangi út annað árið og hinir hitt árið.

## 5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Henni er heimilt að ráða sér menn til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir.

Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefir yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

## 6. gr.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar.

Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

## 7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

## 8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá, félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

## 9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 30. nóvember 1972.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Forv. K. Þorsteinsson.*

**S A M Þ Y K K T**

fyrir Veiðifélag Flóamanna.

## 1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Flóamanna. Heimili þess og varnarþing er í Hraungerðishreppi Árnassýslu.

**2. gr.**

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Baugsstaðaá, Skipavatni, Traðarholtavatni, Kotleysuvatni, Baugsstaðasíki, Hróarsholtslæk, (Volalæk, Bitrulæk, Hóla-læk og Tunguós) svo og aðalskurði Flóaáveitunnar upp að Brúnastaðastiflu. Einnig lækurinn Fena.

Eftirtaldar jarðir eiga aðild að félaginu:

**Villingaholtshreppur:**

Hnaus, Neistastaðir, Hurðarbak, Dalsmynni, Flaga, Hróarsholt V., Hróars-holt A., Kambur, Krókur, Súluholt.

**Hraungerðishreppur:**

Bitra, Hjálmholt 1, Hjálmholt 2, Kjartansstaðir, Skeggjastaðir, Brúnastaðir 1, Brúnastaðir 2, Ólvesholt 1, Ólvesholt 2, Laugar, Miklholtshellir, Hraungerði, Lamba-staðir, Þingborg, Voli, Lækur, Bár, Bollastaðir, Langstaðir.

**Gaulverjabæjarhreppur:**

Meðalholtahjáleiga, Vestri-Meðalholt 1, Vestri-Meðalholt 2, Austur-Meðalholt, Klængssel, Efri-Gegnishólar 1, Efri Gegnishólar 2, Tunga, Vestri-Loftstaðir 1, Vestri-Loftsstaðir 2, Eystri-Loftstaðir, Lækjarbakki, Gegnishólapartur, Hólshús, Syðri-Gegnishólar, Arnarhólar, Rútsstaðir og Norðurkot.

**Stokkseyrarhreppur:**

Gljókot 1, Gljókot 2, Brú, Oddagarðar, Hæringsstaðir, Lölukot, Hólar, Skipar 1, Skipar 2, Baugsstaðir 1, Baugsstaðir 2, Traðarholt, Eystri-Grund, Vestri Grund, Grjót-lækur 1, Grjótlækur 2, Hraunhlaða, Stokkseyri, Kotleysa.

**3. gr.**

Verkefni félagsins er að efla og viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og ráð-stafa veiði eftir því, sem aðalfundur ákveður hverju sinni. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

**4. gr.**

Stjórn félagsins skipa 5 menn: formaður, varaformaður, ritari, féhirðir og með-stjórnandi. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórn-inni á víxl, þannig að formaður gengur úr eftir eitt ár, tveir meðstjórnendur eftir tvö ár og hinir tveir eftir þrjú ár og helzt svo sama röð áfram. Kosningu stjórnar skal hagað þannig að fjórir stjórnarmenn skulu kosnir sinn úr hverjum hreppanna, sem hlut eiga að félaginu en einn skal kosinn óbundið. 5 varamenn skulu kosnir með sama hætti. Stjórnin skiptir með sér verkum. Enginn atkvæðishær félagsmaður getur skorazt undan kosningu nema sérstök forföll hamli eða hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Tvo endurskoðendur skal kjósa og skal kosið um þá sitt árið hvorn. Vara-endurskoðanda skal kjósa til tveggja ára.

**5. gr.**

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið sé veitt.

**6. gr.**

Aðalfund skal halda eigi síðar en í aprílmánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

**7. gr.**

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikninga í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

**8. gr.**

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagmenn greiði gjöld til félagsins í sömu blutföllum og þeir taka arð.

**9. gr.**

Brot á samþykktum þessum varðar sektum samkvæmt lögum nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 6. desember 1972.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Dorv. K. Þorsteinsson.*

**S A M Þ Y K K T**

fyrir Veiðifélag Langadalsár, Hvannadalsár og Þverár með þverám þeirra í Nauteyrarhreppi, Norður-Ísafjarðarsýslu.

**1. gr.**

Félagið heitir Veiðifélag Langadalsár-, Hvannadalsár og Þverár. Heimili þess og varnarþing er Nauteyrarhreppur í Norður-Ísafjarðarsýslu.

**2. gr.**

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Langadalsá, Hvannadalsá og Þverá með þverám þeirra, en jarðir þessar eru:

1) Tunga. 2) Arngerðareyri. 3) Bakkasel. 4) Fremri-Bakki. 5) Neðri-Bakki. 6) Kirkjuból. 7) Rauðamýri. 8) Nauteyri. 9) Brekka. 10) Lágidalur.

**3. gr.**

Verkefni félagsins og deilda þess er að stunda fiskirækt eftir því, sem við verður komið á hverjum tíma, að viðhalda góðri fiskgengd á fiskisvæðinu (félagssvæðinu), og að leigja það til stangarveiði, allt eða hluta þess.

**4. gr.**

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Þeir skulu kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn, þó þannig að þeir ganga úr stjórn á víxl, formaður eftir eitt ár, annar meðstjórnandi eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og